

Opnið skjalið og vinnið samkvæmt fyrirmælum.
Sjá uppsett sýnishorn á næstu síðu.

5. verkefni 05toflur

- Spássíur: Stillið efri og neðri spássíur á 2,3 cm, en vinstri og hægri spássíur á 3,5 cm.
- Setjið síðuhaus og -fót á skjalið í 10 pt lettri.
- Setjið upp töflur eins og sýnt er á næstu síðu.

Töfluvinnsla – Rammar – Skygging – Töflumiðar – Töfluyfirlit

Insert (Setja inn) – **Tables** (Töflur).


Fjöldi dálka og lína er valinn undir **Insert – Table** (Setja inn – Tafla).

Rammar koma sjálfvirkt utan um töflur og á töflunetið sjálf.

Útlit töflu

Hægt er að velja útlit töflu undir **Table Design** (Útlit töflu).

Prófið ykkur áfram og nýtið möguleika undir **Table Design** og **Layout** (Útlit töflu – Útlit).



Tafla 1 Græn skref Setjið upp töflu (**Insert – Table**) með **2 dálkum** og **3 línum** (2x3).

- Skrifið texta í hólf eins og sýnt er.

Lína 1: Sameinið hólf í línu 1.

Ljómið línuna og farið í **Layout – Merge Cells** (Útlit – Sameina hólf).


Miðjið, feitlettrið og stækkið lettrið í 12 pt.

Setjið skyggingu á bak við línu 1 (**Borders – Borders and Shading... – Shading – Fill**).

Breytið breidd dálka handvirkt.

- Ljómið töfluna og hafið 2 pt fyrir ofan og 2 pt fyrir neðan.
- Lína 2:** Textinn er **vinstristilltur** í dálki 1, og **hægristilltur** í dálki 2.
- Lína 3:** Sameinið hólf í línu 3. Texti **miðjustilltur**.
- Merkið með töflumiða fyrir töfluyfirlit: *Hvað eru græn skref?* (sjá hér fyrir neðan)

Table Design Layout



Töflumiðar – Skýringartextar



Veljið töfluna með því að smella í litla krossinn í efra vinstra horni hennar.

Til að hægt sé að ákveða staðsetningu á töflumiða þarf taflan að vera valin, annars kemur töflumiðinn þar sem bendillinn er staðsettur.

Farið í **References – Captions – Insert Caption**


(Tilvísanir – Skýringartextar – Setja inn skýringartexta).

Töflumiðinn á að birtast fyrir ofan töfluna **Above selected item** (Yfir völdu atriði).





Tafla 2 Helstu þættir Grænna skrefa Setjið upp töflu með **2 dálkum** og **14 línum**
Insert – Table – Insert Table – Number of columns: 2 – Number of rows: 14

- Sameinið dálka í línu 1, 2 og 9 – Sameinið línur 3–8 í dálki 2 og línur 10–14 í dálki 1.
- Setjið útlit á töfluna í **Table Design** (Töfluhönnun – Sameina hólf).
Skrifið texta samkvæmt sýnishorni og mjókkið dálka. Hækkið línu 1.
- Hafið **2 pt fyrir ofan og neðan** allan textann í töflunni.
- Miðjið** allan texta **lóðrétt** vinstra megin í hólf (Layout – Alignment – Align Center Left).
- Merkið með töflumiða fyrir töfluyfirlit: *Helstu þættir*



Tafla 3 Merkjaský Setjið upp töflu með **4 dálkum** og **4 línum** (4x4)

- Sameinið dálka 1–2 í línu 1 og svo dálka 3–4 í línu 1, eins og sýnt er. Mjókkið dálka.
Skrifið texta samkvæmt sýnishorni. Stækkið letur á fyrirsögn, miðjið lóðrétt í hólf.
Setjið skyggingu á bak við. Hafið 3 pt fyrir ofan og neðan allan textann í töflunni.
Vinstristillið texta í dálki 1, miðjustillið í dálkum 2 og 3, hægristillið í dálki 4.
Miðjið myndina lárétt og lóðrétt í hólf í línu 1 (**Layout – Alignment – Align Center**).
Myndin er síðast í skjalinu.
- Merkið með töflumiða fyrir töfluyfirlit: *Merkjaský*



Kallið fram sjálfvirka töfluskrá: **References – Captions – Insert Table of Figures**.

Caption label: Tafla (Tilvísanir – Skýringartextar – Setja inn myndaskrá – Merking: Tafla).

Takið hakið af **Show page numbers** (Sýna blaðsíðutöl) – **OK**.

Töfluvinnsla – Rammar – Skygging – Töflumiðar – Töfluyfirlit

Tafla 1: Hvað eru græn skref?

Græn skref	
Grænt bókhald	Loftslagsstefna
Nánari upplýsingar á netinu www.graensskref.is	

Tafla 2: Helstu þættir

Helstu þættir Grænna skrefa	
Í Grænu bókhaldi eru teknar saman upplýsingar um hvernig innkaupum á margvíslegri rekstrarvöru og þjónustu er háttað.	
Samgöngur	Grænt bókhald
Úrgangur	
Orkunotkun	
Matarsóun	
Pappírnotkun	
Efnanotkun	
Loftslagsbreytingarnar af mannavöldum hafa grafið undan skilyrðum til lífs á jörðinni.	
Loftslagsstefna	Framtíðarsýn
	Umfang
	Gildissvið
	Eftirfylgni
	Kolefnisjöfnun

Tafla 3: Merkjaský

Merkjaský		 GRÆN SKREF	
Mötuneyti	Orka	Umbúðir	Nýtnivika
Efnanotkun	Rafmagn	Plast	Svansvottun
Fræðsla	Hjólavottun	Kolefnisjöfnun	Sorplokkun

Töfluyfirlit

Tafla 1: Hvað eru græn skref?

Tafla 2: Helstu þættir

Tafla 3: Merkjaský